

Upplýsingar um heimavist og mótuneyti Verkmenntaskóla Austurlands

Heimavistin að Nesgötu 40 verður opnuð nemendum **sunnudaginn 17. ágúst n.k kl. 17:00.**

- **17:00 – 17:30** Afhending herbergja/lykla. Samningar verða undirritaðir rafrænt og munu nemendur og forsjáraðilar nemenda undir 18 ára aldri fá boð um rafræna undirritun á næstu dögum.
- **17:30 - 18:00** Fundur í matsal með skólameistara, aðstoðarskólameistara, umsjónaraðila heimavistar og húsverði.
- **18:00** Léttur kvöldverður

Foreldrar/forsjáraðilar þurfa að mæta með nemendum yngri en 18 ára.

[Hér má sjá ýmsar gagnlegar upplýsingar um heimavistina!](#)

Leiga á haustönn 2025:

- | | |
|---|------------|
| • Leiga* pr. einstakling í tveggja manna herbergi - verð pr. mánuð: | • 25.000.- |
| • Leiga* pr. einstakling í eins manns herbergi - verð pr. mánuð: | • 35.000.- |
| • Tryggingargjald - verð fyrir skólaárið (endurgreitt ef við á í lok annar/árs) | • 10.000.- |
- * Ath. rukkuð er leiga fyrir 4 mánuði á önn

Á heimavistinni eru eldhúskrókar til afnota fyrir nemendur. Í þeim eru öll nauðsynleg tæki s.s. ísskápur, örbylgjuofn, brauðrist o.fl. Góð umgengni er forsenda þess að sambýli um eldhúskróka gangi vel.

Nemendur hafi með sér:

- Sæng og kodda
- Lín til einkaafnota, s.s. rúmföt og handklæði
- Leirtau til eigin afnota í eldhúskrókum en þar sér hver um sitt

Nemendur fá almennar hreinlætisvörur, s.s. salernispappír og handsápu á heimavistinni.

Mötuneyti:

- Kostnaður fyrir fimm daga fæði á haustönn er alls 295.000 kr, innifalið í því er morgunverður 5 daga vikunnar og hádegis- og kvöldmatur (kvöldmáltíð á föstudagskvöldum er ekki innifalin þar sem mótuneytið er lokað um helgar).
- Hótel Hildibrand sér um hádegisverð í matsal í bóknámshúsi skólans en kvöldverður er á heimavistinni. Hildibrand rukkar fyrir hádegisverðinn 150.000 kr sem hægt er að skipta í 4 greiðslur ef það hentar betur.
- VA rukkar fyrir morgunverðinn 40.000 kr. og kvöldverðinn 105.000.

[Matseðil má nálgast á heimasíðu skólans](#) og einnig á [Facebook síðu Matfélagsins](#). Matseðill fyrir kvöldverð mun birtast í Facebookhóp heimavistarinnar.

Við erum með sameiginlegan hóp á Facebook þar sem einungis eru vistarbúar, forráðafólk og starfsfólk sem tengist heimavist eða vistarbúum. Hópurinn heitir [Heimavist VA](#). Þar getið þið óskað eftir aðgangi. Það virkar best að koma upplýsingum til allra með því að setja þær í þennan hóp.

[Hér má finna heimavistarreglur](#) og eruð þið beðin um að kynna ykkur þær vel áður en dvöl hefst. Við viljum að öllum líði vel á vistinni, þetta er ykkar heimili, þar eiga öll skjól.

Verið velkomin á heimavistina

Birgir Jónsson
skólameistari
sími 868 7556

Jóhann Tryggvason
húsvörður
sími 866 2230